

Félagsráðgjöf

Sérhæfðir félagsráðgjafar starfa við blóð- og krabbameinslækningadeildir Landspítalans. Hlutverk félagsráðgjafa er að aðstoða sjúklinga og fjölskyldur þeirra við að takast á við þær breytingar sem eiga sér stað vegna veikinda. Breytingarnar geta tengst fjárhag, búsetu og atvinnu, en einnig samskiptum og tengslum innan fjölskyldu og utan hennar.

Félagsráðgjafar bjóða upp á einstaklings, fjölskyldu og/eða hjónaviðtöl til stuðnings og aðstoðar í erfðleikum og sorg sem einnig er mikilvægt með tilliti til endurhæfingar sjúklings og fjölskyldu hans.

Félagsráðgjafar vinna í teymum og í samvinnu við aðrar fagstéttir svo sem hjúkrunarfræðinga, iðjupjálfa, lækna, sálfræðinga, sjúkrapjálfa og næringarráðgjafa. Félagsráðgjafar veita sjúklingum og aðstandendum þeirra ráðgjöf, upplýsingar fræðslu og stuðning, byggt á félagslegu mati og greiningu.

Dæmi:

- Upplýsingar, ráðgjöf og fræðsla til sjúklinga og aðstandenda um félagsleg réttindi og þá þjónustu sem þeim stendur til boða
- Fræðsla um greiðslupátttökukerfi SÍ
- Tengiliðir milli sjúklinga og hjálparkerfa þegar þörf er á
- Stuðningsviðtöl- Ráðgjöf og aðstoð þegar vinna þarf úr sorg og áföllum
- Sínaviðtöl- Eftirfylgd og ráðgjöf
- Hjóna-, para-, og einstaklingsviðtöl, stuðningur fræðsla og ráðgjöf vegna breyttra aðstæðna fjölskyldunnar
- Fjölskyldubró, stuðningur við foreldra og börn með áherslu á líðan barna
- Endurhæfingaráætlanir, gera áætlanir og fylgja þeim eftir
- Eftirfylgd eftir andlát

Dæmi um félagsleg réttindi:

- Veikindaréttur hjá vinnuveitanda
- Sjúkrasjóðir stéttarfélaga
- Sjúkradagpeningar Sjúkratrygginga Íslands
- Lífeyrissjóðir
- Endurhæfingarlífeyrir/örorkulífeyrir
- Ferðakostnaður
- Lyfjakort
- Félagsleg heimþjónusta
- Réttindi vegna andláts

Hvernig er leitað til félagsráðgjafa?

Sjúklingar og/eða aðstandendur þeirra geta leitað til félagsráðgjafa að eigin frumkvæði eða fyrir milligöngu starfsfólks. Hægt er að fá samband við félagsráðgjafa á krabbameinsdeildum í gegn um skiptiborðið í síma: 543 1000.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á byrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.